

# Árið 2016

## Hvert skal haldið?

Hluti 1 – Efnahagsleg staða og málin sem verða í brennidepli

Janúar 2016



# Hvert skal haldið?

---

- **Horfur á árinu 2016 eru almennt góðar.** Íslenska hagkerfið er í örum vexti, tekjujöfnuður er hvergi meiri og kaupmáttur launa nálgast nú það sem mest var fyrir efnahagshrunið. Mikil sókn er í innlendri ferðaþjónustu og sjá flest allar atvinnugreinar fram á aukna fjárfestingu og ráðningar á árinu sem nú er í hönd. Við það bætist að samningar við kröfuhafa fallinna fjármálafyrirtækja munu skila ríkissjóði töluverðum tekjum sem gefur færi á að bæta skuldastöðu ríkisins töluvert.
- Þrátt fyrir góða stöðu má finna blikur á lofti. Þjóðin eldist hratt og hlutfall fólks á vinnualdri mun fara ört lækkandi á komandi árum. **Aukinn fjöldi aldraðra mun kalla á umtalsvert aukin útgjöld ríkisins til heilbrigðis- og velferðarmál** auk þess sem **ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar hins opinbera nálgast gjalddaga.** Á sama tíma eru skuldir ríkissjóðs enn miklar, jafnvel að teknu tilliti til stöðuleikaframlaga, og mun vaxtabyrðin að viðbættum ófjármögnum lífeyrisskuldbindingum halda áfram að sliga ríkissjóð verði ekki aðhafst.
- Ýmis stór mál liggja fyrir á nýju ári. Tryggja þarf **farsælt afnám hafta**, ná samstöðu um **bætt vinnumarkaðslíkan** og tryggja **aðhald í opinberum rekstri.** Sé ætlunin að draga úr vaxtakostnaði þarf að selja eignir og setja skýr og bindandi markmið um aðhald í opinberum rekstri.
- **Eldri þjóð dregur úr nýliðun á vinnumarkaði** og haldi hagkerfið áfram að vaxa í takt við langtímameðal **mun það kalla á aukinn fjölda erlendra starfsmanna.** Hækkun lífeyrisaldurs til samræmis við auknar ævilíkur og útskrift nemenda úr framhaldsskóla við 18 ára aldur með styttingu námstíma til stúdentsprófs og skólaskyldu frá 5 til 15 ára er til þess fallið að **auka bæði framleiðni og nýliðun á vinnumarkaði.** Slík breyting, þó til góðs, myndi engu að síður ekki brúa mannaflapörfina nema að hluta. Auk þess að auðga samfélagið með meiri fjölbreytni og styrkja innlent hagkerfi með vinnu sinni mun fjöldi erlendra starfskrafta breyta ásýnd samfélagsins á komandi árum. **Breytingin er í senn óumflýjanleg og eftirsóknarverð en kallar á skýra stefnu í innflytjendamálum.**


# Hvert skal haldið?

---

1. Hverjar eru horfurnar fyrir árið 2016?
2. Málin sem verða í brennidepli


# Kaupmáttur ráðstöfunartekna meiri en 2007

Á árunum 2006-2008 jukust ráðstöfunartekjur heimila skarpt. Það mátti rekja til almennrar launahækkana en ekki síður til vaxtar fjármagnstekna. Fjármagnstekjurnar byggðu ekki á traustum grunni eins og síðar kom í ljós þegar þær hurfu í hruninu. Við mat á kaupmáttarþróun síðustu ára er eðlilegra að leiðrétta fyrir fjármagnstekjum.



\* Áætlun fyrir árið 2015, m.v. Meðalhækkun kaupmáttar launa


# Laun á Íslandi í alþjóðlegum samanburði



\*Árið 2016 framreiknað frá 2014 miðað við launa- og gengisþróun


# Tekjujöfnuður mestur á Íslandi

## Gini stuðull (2013)




## Fimmtungastuðull (2013)

- Ráðstöfunartekjur 20% tekjuhæstu einstaklinganna sem hlutfall af 20% tekjulægstu



# Lágmarkslaun og bætur TR hafa hækkað langt umfram almenn laun





---


Hverjar eru horfurnar á árinu 2016?



# Aukin bjartsýni, aukin neysla



# Nýskráningar bifreiða taka við sér, en um helmingur þeirra eru nú bílaleigubílar




\*Árið 2015 frá jan-okt

# Áfram er spáð kröftugum hagvexti

Svo virðist sem hagvöxtur hafi, að Írlandi undanskildu, hvergi verið meiri en á Íslandi á árinu sem leið. Spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir árið 2016 gerir ráð fyrir að Ísland muni áfram verma annað sætið með 3,7% hagvöxt .


Árið 2016: Hagvaxtarspá AGS fyrir OECD ríkin  
- magnbreyting á VLF



# Kjarasamningar hafa ótvíræð áhrif á verðbólgu



Miklar launahækkanir kjarasamninganna 2011 skiluðu sér í hærra verðlagi, verðbólga það árið mældist tæp 8%. Hófstiltari kjarasamningar ársins 2014 skiluðu hins vegar minni verðbólgu og miklum kaupmáttarvexti. Kjarasamningar síðasta árs geta því miður seint talist ábyrgir og þrátt fyrir að verðbólgan sé enn undir markmiði Seðlabankans þá er innlend verðbólga komin í 5% og verði ekki áframhald á lækkun hrávöruverðs og styrkingu krónu má ætla að framundan sé mikil verðbólga.

Verðbólga og undirliðir  
- ársbreyting




# Viðskiptakjör voru hagstæð á síðasta ári, en verðum við eins heppin árið 2016?

Margt hefur snúist á sveif með Íslendingum á undanförunum árum. Verð á helstu útflutningsvörum landsins hafa hækkað töluvert á sama tíma og mikilvæg aðföng eins og olía hafa lækkað í verði. Áframhald þeirrar þróunar er hvergi nærri í hendi og töluverð óvissa er á komandi ári.



# Seðlabankinn beitir vaxtataekinu. Ólík viðbrögð við ólíkum kjarasamningum


Seðlabankinn brást við miklum launahækkunum 2011 með hækkun vaxta og hafa viðbrögð hans hafa verið svipuð í kjölfar kjarasamninganna á síðasta ári. Árið 2014 leiddu ábyrgir kjarasamningar hins vegar til þess að verðbólgan hjaðnaði og lækkaði Seðlabankinn stýrivexti í kjölfar þeirra samninga.




# Verðbólgu hefur verið ofspáð og aðhaldið því meira en stefnt var að

Þrátt fyrir lága verðbólgu voru stýrivextir hækkaðir um 125 punkta árið 2015. Frekari vaxtahækkanir hafa verið boðaðar á þessu ári gangi verðbólgu spá Seðlabankans eftir. Hingað til hefur Seðlabankinn spáð mun meiri verðbólgu en síðan hefur raungerst. Verðbólguhorfur hafa enn sem komið er ekki versnað ólíkt því sem gert var ráð fyrir og hefur raunvaxtastigið haldist hærra fyrir vikið.

Verðbólgu spá Seðlabankans og rauntölur  
- breyting frá fyrra ári




Virkir stýrivextir Seðlabankans (%)




# Þjónustuútlutningur heldur uppi viðskiptaafgangi við útlönd

Vöxtur þjónustugreina og vægi þeirra í útlutningi er til marks um breytingu á íslensku hagkerfi. Hagvöxtur frá því efnahagsbatinn hófst hefur verið keyrður áfram af útlutningsgreinum. Er svo komið að viðskiptaafgangurinn er að öllu leyti tilkominn vegna sölu á þjónustu, þar sem aftur er orðinn halli á vöruskiptum við útlönd.

Vöxtur undirliða landsframleiðslu  
- vísitölur, 100 árið 2008



Vöru- og þjónustujöfnuður  
% af VLF






# Þjóðin hefur greitt niður skuldir þensluáranna og erlenda staðan sjaldan verið betri

Skuldir heimila og fyrirtækja  
- sem hlutfall af VLF



Hrein erlend staða þjóðarþúsins  
- sem % af VLF



# Hvert skal haldið?

---

1. Hverjar eru horfurnar fyrir árið 2016?
2. Málin sem verða í brennidepli

# 1. Afnáms hafta

Þrotabú föllnu bankanna eru í þann mund að hefja, eða hafa þegar hafið, útgreiðslur. Fyrstu skref í átt að losun hafta hafa því verið tekin. Til stóð að halda aflandskrónuútboðið haustið 2015, en nú við upphaf árs 2016 hefur það hvorki verið haldið né boðað. Mikilvægt er að ekki verði slegið slöku við svo unnt verði að losa um höft á innlenda aðila sem allra fyrst.

## Fyrsta skref



## Annað skref



## Þriðja skref



# 1. Afnáms hafta

Þrotabú föllnu bankanna eru í þann mund að hefja, eða hafa þegar hafið, útgreiðslur. Fyrstu skref í átt að losun hafta hafa því verið tekin. Til stóð að halda aflandskrónuútbóðið haustið 2015, en nú við upphaf árs 2016 hefur það hvorki verið haldið né boðað. Mikilvægt er að ekki verði slegið slöku við svo unnt verði að losa um höft á innlenda aðila sem allra fyrst.

## Fyrsta skref



## Annað skref



## Þriðja skref



# 1. Afnáms hafta

Þrotabú föllnu bankanna eru í þann mund að hefja, eða hafa þegar hafið, útgreiðslur. Fyrstu skref í átt að losun hafta hafa því verið tekin. Til stóð að halda aflandskrónuútbóðið haustið 2015, en nú við upphaf árs 2016 hefur það hvorki verið haldið né boðað. Mikilvægt er að ekki verði slegið slöku við svo unnt verði að losa um höft á innlenda aðila sem allra fyrst.

## Fyrsta skref



## Annað skref



## Þriðja skref



# 1. Afnáms hafta

Þrotabú föllnu bankanna eru í þann mund að hefja, eða hafa þegar hafið, útgreiðslur. Fyrstu skref í átt að losun hafta hafa því verið tekin. Til stóð að halda aflandskrónuútboðið haustið 2015, en nú við upphaf árs 2016 hefur það hvorki verið haldið né boðað. Mikilvægt er að ekki verði slegið slöku við svo unnt verði að losa um höft á innlenda aðila sem allra fyrst.

## Fyrsta skref



## Annað skref




## Þriðja skref




## 2. Umbætur á vinnumarkaðslíkani

---



### 3. Endurskoðun peningastefnunnar


Þegar Seðlabankinn hækkaði vexti sína í sumar þá lækkaði langtímakrafa á skuldabréfamarkaði um tíma. Þau öfugsnúnu áhrif má fyrst og fremst rekja til innkomu erlendra aðila á skuldabréfamarkaðinn. Þrátt fyrir að lækkun ávöxtunarkröfu óverðtryggðra bréfa hafi að hluta gengið tilbaka þá endurspeglar þróunin sl. sumar þá stöðu að Ísland er lítið land með sjálfstæða peningastefnu. Viðskipti fárra aðila geta nægt til að hnökra myndast í miðlunarferli peningastefnunnar.





## 4. Dugar fjármálaregla hins opinbera til að tryggja aukin aga á góðæristímum?

Vonandi mun ný fjármálaregla kalla fram aukið aðhald í rekstri ríkissjóðs. Reynsla síðustu þensluára sýnir hins vegar glögggt að afkoma er ekki fullnægjandi mælikvarði á aðahaldssemi opinberra fjármála. Kosningafrumvarp ríkisstjórnarinnar mun líta dagsins ljós næsta haust en almennt er slakað nokkuð á útgjöldum í aðdraganda kosninga. Áhugavert verður að sjá hvort ný fjármálaregla muni knýja fram aukinn aga á útgjaldahliðinni.




---

# Að lokum

# Aukin umsvif en hófleg kampavínsneysla

Þrátt fyrir að Íslendingar hafa náð fyrra framleiðslustigi þá eru landsmenn enn nokkuð hóflegri í kampavínsneyslu sinni en árin fyrir hrun. Hófsemdina má telja ákveðið heilbrigðismerki þó það megi rökræða eins og annað.

Umsvif í hagkerfinu og kampavínsneysla landsmanna



\*áætlun fyrir árið 2015

---

Þorsteinn Víglundsson  
Framkvæmdastjóri  
[thorsteinn@sa.is](mailto:thorsteinn@sa.is)  
sími: 591-0001

Hannes G. Sigurðsson  
Aðstoðarframkvæmdastjóri  
[hannes@sa.is](mailto:hannes@sa.is)  
sími: 591-0022

Ásdís Kristjánsdóttir  
Forstöðumaður efnahagssviðs  
[asdis@sa.is](mailto:asdis@sa.is)  
sími: 591-0080

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir  
Forstöðumarður mennta- og  
nýsköpunarsviðs  
[thorgerdur@sa.is](mailto:thorgerdur@sa.is)  
sími: 591-0014

Hörður Vilberg  
Forstöðumaður samskipta  
[hordur@sa.is](mailto:hordur@sa.is)  
sími: 591-0005